



# Aðalfundur Landsbankans 2022

Aðalfundur Landsbankans hf. verður haldinn með rafrænum hætti miðvikudaginn 23. mars 2022 kl. 16.00.

## Drög að dagskrá

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans síðastliðið starfsár.
2. Skýrsla bankastjóra.
3. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
4. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári.
5. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
6. Tillögur til breytinga á samþykktum.
7. Kosning bankaráðs.
8. Kosning endurskoðanda.
9. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
10. Heimild til kaupa á eigin hlutum.
11. Önnur mál.

## Fyrirkomulag fundarins

Bankaráð Landsbankans hefur ákveðið að aðalfundur bankans 2022 verði haldinn að öllu leyti með rafrænum hætti í samræmi við 1. mgr. 13. gr. samþykktar bankans.

Aðalfundurinn fer eingöngu fram með Lumi AGM fundarlausninni.

Óskað er eftir að hluthafar sem hyggjast sækja aðalfundinn skrái þátttöku sína **fyrir kl. 16.00 þann 18. mars 2022** á vefsíðunni <https://www.lumiconnect.com/meeting/landsbankinn>. Hluthafar þurfa innan sama tíma að leggja fram skriflegar spurningar um dagskrá eða eftir atvikum skjöl sem þeir óska eftir að tekin verði fyrir á fundinum. Senda skal slíkar spurningar og skjöl á netfangið [adalfundur@landsbankinn.is](mailto:adalfundur@landsbankinn.is). Í framhaldi af skráningu sinni mun hluthöfum berast tölvupóstur með aðgangsupplýsingum.

Hluthöfum er heimilt að láta umboðsmann sækja aðalfundinn og fara þar með atkvæðisrétt fyrir sína hönd.

Nánari upplýsingar um aðgang að Lumi AGM fundarlausninni, rafræna atkvæðagreiðslu, sniðmát af umboði og aðrar upplýsingar varðandi fundinn má finna á vefsíðu bankans <https://www.landsbankinn.is/bankinn/fjarfestatengsl/adalfundur>.

## Aðrar upplýsingar

Hluthafi á rétt á því að fá mál sett á dagskrá aðalfundar og leggja fram ályktunartillögur. Tillögur og óskir um að koma máli á dagskrá aðalfundar þurfa að vera skriflegar og berast á netfangið [adalfundur@landsbankinn.is](mailto:adalfundur@landsbankinn.is) fyrir kl. 16.00, þriðjudaginn 8. mars 2022.

Endanleg dagskrá fundarins og gögn er lögð verða fyrir aðalfundinn verða gerð aðgengileg miðvikudaginn 9. mars 2022 á vefsíðu bankans, <https://www.landsbankinn.is/bankinn/fjarfestatengsl/adalfundur>.

Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 skal tilkynna skriflega um framboð til bankaráðs skemmst fimm dögum fyrir aðalfundinn. Tilkynningar um framboð til bankaráðs skal senda á framangreint netfang fyrir kl. 16.00, föstudaginn 18. mars 2022. Upplýsingar um framboðendur til bankaráðs verða lagðar fram og birtar á framangreindri vefsíðu bankans eigi síðar en tveimur dögum fyrir fundinn.

Eitt atkvæði fylgir hverri einni krónu í hlutafé í bankanum, að frádregnum eigin hlutum, sem eru án atkvæðisréttar.

**Reykjavík, 1. mars 2022.**  
**Bankaráð Landsbankans hf.**



## ANNUAL GENERAL MEETING OF LANDSBANKINN 2022

The Annual General Meeting of Landsbankinn hf. will be held remotely on 23 March 2022, at 16:00.

### Draft agenda

1. Report from the Board of Directors on the Bank's activities during the past operating year.
2. Report of the CEO
3. Annual financial statements for the past operating year, together with a report from the auditor, placed before the meeting for attestation.
4. Decision on payment of a dividend and disposition of profit from the past financial year.
5. Motion from the Board of Directors on a remuneration policy submitted to the meeting for approval.
6. Motions to amend the Articles of Association.
7. Election of the Board of Directors.
8. Election of the auditor.
9. Decision on remuneration to members of the Board of Directors for the next term of office.
10. Authorisation to purchase own shares.
11. Other business.

### Organisation of the meeting

Landsbankinn's Board of Directors has determined that the Bank's AGM 2022 will be completely digital, in accordance with the first paragraph of Article 13 of the Bank's Articles.

The AGM will be held solely on the Lumi AGM platform.

Shareholders who wish to attend the AGM, please register participation before 16:00 on 18 March 2022 on the website <https://www.lumiconnect.com/meeting/landsbankinn>. Shareholders are required to submit written questions about the agenda or, as the case may be, documents they wish the meeting to consider, before the same time. Please email such questions or documents to [adalfundur@landsbankinn.is](mailto:adalfundur@landsbankinn.is). Following registration, shareholders will receive email containing login information.

Shareholders are entitled to attend by proxy, with the proxy exercising their voting rights.

More information about the Lumi AGM platform, electronic voting, template power of attorney for proxies and other information about the AGM, is available on the Bank's website, <https://www.landsbankinn.is/en/the-bank/investor-relations/agms>

### Other information

A shareholder is entitled to submit resolution proposals and items for the AGM agenda. Proposals and requests for items to be placed on the agenda of the AGM must be submitted to the Bank in writing by email to [adalfundur@landsbankinn.is](mailto:adalfundur@landsbankinn.is) no later than at 16:00 on Tuesday, 8 March 2022.

The final agenda of the AGM and meeting documents will be made available on Wednesday, 9 March 2022, on the Bank's website, <https://www.landsbankinn.is/en/the-bank/investor-relations/agms>

According to Article 63(a) of the Act on Public Limited Companies, No. 2/1995, written notice must be given of candidature to the Board of Directors at least five days prior to the AGM. Notice of candidature to the Board of Directors must be emailed to the aforementioned email before 16:00 on 18 March 2022. Information on candidates for election as directors and alternates will be made available on the aforementioned website of the Bank no later than two days prior to the AGM.

Each *króna* of share capital entitles the owner to one vote, with the exception of own shares, which are non-voting shares.

Reykjavík, 1 March 2022.

Board of Directors of Landsbankans hf.